

Mál nr. 314/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1), (V2) og (V3.)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A), (B) og (C).****Sakarskipting. Árekstur. Hringtorg****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 1. október 2025, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Þann 12. júlí 2025 varð árekstur í hringtorgi á gatnamótum Vesturlandsvegur og Ásavegar í Mosfellsbæ á milli B og C sem leiddi til tjóns á bifreiðunum. Lögreglan kom á vettvang. Samkvæmt lögregluskýrslu voru atvik þau að B var ekið á eftir C frá Ásvegi og þegar þeir óku inn í hringtorgið á innri akrein, hafi ökumenn þeirra heyrt hávaða. A, sem er í eigu M, hafi verið ekið á ofsahraða austur Vesturlandsvegur, inn í hringtorgið og handbremsubeygt inni í hringtorginu. Við það hafi A snúist og þverað báðar akreinar hringtorgsins. C hafi við þetta sveigt til hliðar til þess að forða árekstri við A og um leið hægt á sér og við það hafi B verið ekið aftan á C.

Vitni varð af aksturlagi A og hafði það verið tilkynnt til lögreglu áður en áreksturinn varð. Vitnið kvað A hafa verið ekið á miklum hraða í gegnum hringtorg í Mosfellsbæ. Í hringtorginu við Álafossvog hafi ökutækinu verið handbremsubeygt þannig að bifreiðin hafi þverað báðar akreinar og valdið því að árekstur varð með B og C.

Ökumaður A kvaðst hafa orðið vitni að því að árekstur varð á milli tveggja bifreiða í umræddu hringtorgi. Hann kvaðst ekki hafa ekið glæfralega eða yfir hámarkshraða. Hafi tekist að forða sér frá því að lenda í árekstri við C þegar hún hafi snögghemlað. Ökumaður A gat ekki gefið frekari skýringar á aksturlagi sínu og breytti framburði sínum nokkrum sinnum í samtali við lögreglu.

V1 taldi rétt að skipta sök í málinu en V2 taldi rétt að A bæri alla sök. Ágreiningur um sakarskiptingu var því lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að skipta bæri sök jafnt milli A og B. Rök nefndarinnar voru þau að ökumaður A hafi valdið árekstri með ógætilegum akstri í hringtorgi og ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig.

M fellir sig ekki við niðurstöðu Tjónanefndar. Í málskoti er m.a. á því byggt að A hafi ekki verið ekið glæfralega í umrætt sinn, frásögn vitna um aksturslag A væri ekki trúanleg og það vanti myndir af vettvangi og frásögn ökumanns A í lögregluskýrslu. Telur M að ökumaður A beri enga sök í málinu.

Í athugasemdum V2 váttryggjanda B, eru færð fyrir því rök að A eigi að bera alla sök á árekstrinum milli B og C. Óheimilt sé að aka ökutæki þannig að það missi veggrip, á ökumanni hvíli skylda til þess að aka nægilega hægt miðað við aðstæður í hringtorgum og óheimilt sé að skipta um akrein í hringtorgi, sbr. 6. mgr. 20. gr., c. lið 2. mgr. 36. gr. og 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Af framburði ökumanna og vitnis yrði að telja sannað að ökumaður A hefði ekið glæfralega í aðdraganda áreksturs með þeim afleiðingum að árekstur varð milli B og C. Í tilkynningu ökumanns B til V2 hafi komið fram að A hafi verið „driftað“ heilan hring á hringtorginu. Bifreiðin hafi í raun verið á annarri hliðinni og þverað báðar akreinar hringtorgsins.

Hvorki V1, váttryggjandi A, né V3, váttryggjandi C, skiluðu athugasemdum í málinu.

Álit.

Aðila greinir í grundvallaratriðum á um atvik máls. Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. sömu laga segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttæknisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í c-lið 2. mgr. 36. gr. segir að sérstök skylda hvíli á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður í hringtorgum. Jafnframt segir í 6. mgr. 19. gr. laga nr. 77/2019 að óheimilt sé að skipta um akrein við hringtorg eða á milli ytri og innri hrings. Nefndin telur af öllum gögnum virtum sannað

að ökumaður A hafi ekið ógætilega í umrætt sinn og valdið árekstrinum með ógætilegum akstri í hringtorgi og að ökumaður B hafi ekki gætt að umferð fyrir framan sig. Eigi framangreint að leiða til þess að skipta beri sök jafnt milli ökumanna A og B.

Niðurstaða.

Skipta ber sök jafnt milli ökumanna A og B á umræddum árekstri 12. júlí 2025.

Reykjavík, 3. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir